Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
2016-03-14

Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið, 145. löggjafarþing - þingskjal 935 - 575. mál

Vantrú styður frumvarpið heils hugar.

Ríkið ætti ekki að hampa helgidögum eins trúfélags sérstaklega og banna öllum íbúum landsins að gera ýmislegt á þeim dögum á þeirri forsendu að um helgidaga þess tiltekna trúfélags sé að ræða.

Eins er óþarfi að vernda sérstaklega samkomur trúfélaga umfram samkomur annars konar félaga.

Ef ríkið telur sig þurfa að setja lög varðandi frídaga launþega, þá ætti að gera það á þeim forsendum, en ekki sem óbeina afleiðingu af sérstakri vernd helgidaga ríkiskirkjunnar.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, formaður Vantrúar